

Föstudaginn 10. febrúar 1989.

Nr. 255/1987. **Guðmunda Gísladóttir og
Jón Gíslason**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

**Ragnheiði Ólafsdóttur
Ólafi Ágústi Ólafssyni
Ástriði Ólafsdóttur
Arndísi Gísladóttur
Hildi Gísladóttur
Ólafi Gíslasyni
Ólafi Þorsteinssyni
Valdísi Kristjánsdóttur
Guðrúnu Kristjánsdóttur
Steinunni Aagot Kristjánsdóttur
Ágústu Áróru Þorsteinsdóttur og
dánarbúi Steinunnar Jónsdóttur**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, er rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, að veita aðilum færi á að afla eftirtalinna gagna:

1. skýrslu Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmans um erfðaskrárgerð hjónanna Engilberts Magnússonar og Guðmundu Þórunnar Gísladóttur,
2. annarra þeirra gagna, sem varpa kynnu frekara ljósi á arfleiðsluvilja hjónanna.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Aðilum veitist kostur á að afla framantalinna gagna.